

## Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (upptaka, hryðjuverk, skipulögð brotastarfsemi, mansal og peningaþvætti).

Frá allsherjarnefnd.

1. Á eftir 2. gr. komi ný grein, svohljóðandi:  
Orðin „3. tölul.“ í lokamálslið 6. mgr. 82. gr. laganna falla brott.
2. B-liður 3. gr. falli brott.
3. 4. gr. falli brott.
4. 5. gr. falli brott.
5. Á eftir 8. gr. komi nýr kafli, II. kafli, **Breyting á lögum um útlendinga, nr. 96 15. maí 2002**, með einni nýrri grein, svohljóðandi:  
Á eftir 12. gr. g laganna koma tvær nýjar greinar sem orðast svo:
  - a. (12. gr. h.)  
Veita skal útlendingi, sem lögregla hefur tilkynnt Útlendingastofnun að rökstuddur grunur leiki á um að sé fórnarlamb mansals, dvalarleyfi í allt að sex mánuði, en þó ekki skemur en í þrjátíu daga, þótt ekki sé fullnægt öllum skilyrðum 11. gr. Þrátt fyrir ákvæði 20. gr. skal ekki vísa viðkomandi einstaklingi úr landi á þessu tímabili.  
Nú er rökstuddur grunur um að tilkall til stöðu fórnarlamb hafi verið gert í þeim tilgangi einum að afla dvalarleyfis, og ekki er sýnt fram á annað með óyggjandi hætti, og veitir það þá ekki rétt til dvalarleyfis. Sama gildir ef veiting dvalarleyfis er andstæð allsherjarreglu.
  - b. (12. gr. i.)  
Þegar sérstaklega stendur á er Útlendingastofnun heimilt að veita fórnarlambi mansals endurnýjanlegt dvalarleyfi til eins árs þótt skilyrðum 11. gr. sé ekki fullnægt eigi annað hvort eftirfarandi við:
    - a. það telst nauðsynlegt vegna persónulegra aðstæðna viðkomandi,
    - b. það telst nauðsynlegt að mati lögreglu vegna samvinnu viðkomandi við yfirvöld við rannsókn og meðferð sakamáls.Leyfi samkvæmt ákvæði þessu getur ekki verið grundvöllur búsetuleyfis.
6. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (upptaka, hryðjuverk, skipulögð brotastarfsemi, mansal og peningaþvætti), og lögum um útlendinga, nr. 96 15. maí 2002, með síðari breytingum.